


**Rannsóknir á seiðastofnum  
Vatnsdalsár árið 2000**

**Bjarni Jónsson og  
Guðmundur Ingi Guðbrandsson**

**Hólum, ágúst 2000**

**VMST-N-00012**



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**  
Norðurlandsdeild

**Rannsóknir á seiðastofnum  
Vatnsdalsár árið 2000**

**Bjarni Jónsson og  
Guðmundur Ingi Guðbrandsson**

**Hólum, ágúst 2000      VMST-N-00012**

## **Inngangur**

Gerð var athugun á seiðastofnum Vatnsdalsár og hliðarám hennar 29. júlí – 1. ágúst 2000 með rafveiðum. Markmið þessara athugana var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu seiða, vöxt og afkomu seiða á vatnasvæðinu. Á grundvelli ofangreindra upplýsinga er mat lagt á heildarástand fiskistofna á vatnasvæði Vatnsdalsár.

## **Aðferðir**

Rafveitt var á sjö stöðum í Vatnsdalsá, einum í Tunguá, tveimur stöðum í Hólkotskvísl, einum stað í Vaglakvísl, einum stað í Kornsa og fjórum stöðum í Álku. Rafveiðistaðir eru merktir inn á mynd 1. Veitt var á flestum sömu stöðum og undanfarin ár (Bjarni Jónsson, 2000, VMST-N00002). Sérstök áhersla er lögð á að fá mat á seiðabúskap á fiskgengum hluta vatnasvæðisins. Stærð rafveiðistaða var á bilinu  $150\text{m}^2 - 715\text{m}^2$  2000. Stærð rafveiðistaða réðist nokkuð af seiðapétteleika og aðstæðum, minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir voru valdir með það að augnamiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Af þeim sökum er þeirri aðferð beitt að veiða sem víðast á vatnasvæðinu. Sú nýjung hefur verið tekin upp að þyngdarmæla laxaseiði á völdum stöðum í vatnakerfinu til að fá betra mat á holdafar seiðanna.

## **Niðurstöður rafveiða 2000**

### ***Vatnsdalsá***

Við Dalsfoss, stað 1 (mynd 1) veiddust nú talsvert af tveggja ára (2+) laxaseiðum auk þriggja ára (3+) laxaseiða (Tafla 1; mynd 2). Ekki varð nú vart við vörgömlu (0+) seiðin sem komu fram í rafveiðunum 1999 en þá var meir af náttúrulegum laxaseiðum á þessu svæði en oft áður (Bjarni Jónsson, 2000).

Á rafveiðistað ofan Stekkjarfoss, stað 2 veiddist mikið af vorgömlum og tveggja ára laxaseiðum auk eins árs seiða (Tafla 1; mynd 2). Einnig veiddist mikið af náttúrulegum laxaseiðum á þessum kafla Vatnsdalsár sumarið 1999, eða þrír árgangar. Í gegnum tíðina hefur hinsvegar oft vantað inn í árganga og þéttleiki náttúrulegra laxaseiða verið lítill (Bjarni Jónsson, 2000).

Á athugunarstað neðan Forsæludals, stað 3. veiddust fjórir árgangar laxaseiða; vorgömul, eins árs, tveggja,- og þriggja ára seiði. Árgangar eins,- og tveggja ára laxaseiða voru mjög sterkir á þessu svæði og mældist hvergi í ánni meiri þéttleiki tveggja ára laxaseiða og aðeins á tveimur stöðum meira af eins árs laxaseiðum. Vöxtur miðað við aldur var mjög góður (Tafla 1; mynd 2a). Þéttleiki laxaseiða var einnig mun meiri á þessum stað sumarið 1999 en oftast áður (Bjarni Jónsson, 2000). Magn tveggja ára laxaseiða á þessum kafla nú er samkvæmt mælingum meira en áður hefur mælst á þessum stað frá því að farið var að fylgjast stöðugt með seiðabúskap Vatnsdalsár árið 1984. Þéttleiki eins árs laxaseiða hefur tvisvar sinnum á þessum tíma mælst aðeins meiri, árin 1988 og 1996 (Samantekt handrit).

Fyrir ofan ármót Vatnsdalsár og Álku, stað 5, veiddust þrír árgangar laxaseiða. Vorgömul, eins árs, og tveggja ára seiði. Þéttleiki allra þessara árganga var fremur lítill (Tafla 1; mynd 2a) og minni en síðastliðið sumar (Bjarni Jónsson, 2000). Áin hefur verið að breyta sér á þessu svæði og athugunarstaðurinn því breyst. Mikill þéttleiki var af bleikjuseiðum á þessum stað, aðallega vorgömlum seiðum en einnig eins árs seiðum (Tafla 2; mynd 3a).

Veitt var neðan ármóta við Gilá, stað 7. Þar var nokkuð af eins árs laxaseiðum auk tveggja ára seiða (Tafla 1; mynd 2b). Fremur lítið veiddist einnig af laxaseiðum þar sumarið 1999 en meira sumarið 1998 (Bjarni Jónsson, 2000). Verulegt magn var af vorgömlum og eins árs bleikjuseiðum á þessum árkafla (Tafla 2; mynd 3a). Einnig veiddust eins árs urriðaseiði (Tafla 3; mynd 4a).

Við Hof, stað 8, veiddust þrír árgangar laxaseiða, vorgömul, eins árs, og tveggja ára laxaseiði (Tafla 1; mynd 2b). Á þessum kafla veiddust þrír árgangar laxaseiða árið 1998 en tveir sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, 2000). Einnig veiddust vorgömul og eins



árs bleikjuseiði á þessum stað (Tafla 2; mynd 3a) og vorgömul urriðaseiði (Tafla 3; mynd 4a).

Á rafveiðistað fyrir neðan Skriðuvað, stað 9, veiddust fjórir árgangar laxaseiða; vorgömul, eins árs, tveggja ára, og þriggja ára seiði. Laxaseiðin sem veiddust við Skriðuvaðið nú voru fremur stór og væn miðað við aldur (Tafla 1; mynd 2a; Samantekt handrit). Ekki hefur veiðst svo mikið af tveggja ára laxaseiðum á þessu svæði síðan árið 1995. Óvenju lítið var af eldri laxaseiðum á þessum kafla á árunum 1996 til 1998 og mun minna en að jafnaði þau ár sem gögn ná yfir (Samantekt handrit). Aðeins varð vart við vorgömul bleikjuseiði (tafla 2; mynd 3b), og eins árs urriðaseiði (tafla 3; mynd 4a). Mun minna bar á hornsflum í rafveiðunum nú í sumar og sumarið 1999 en 1998.

### *Tunguá*

Í Tunguá, stað 2 var rafveitt fyrir neðan brú. Mikið veiddist á þessum stað af eins,- og tveggja ára laxaseiðum auk þriggja ára seiða (Tafla 1; mynd 2c). Einnig var mikið af eldri laxaseiðum í Tunguá sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, 2000). Ekki hefur veiðst svo mikið af eins árs laxaseiðum í Tunguá nema árin 1991 og 1985 þau ár sem seiðamælingar hafa farið fram í Vatnsdalsá. Einungis einu sinni á þessu tímabili hefur verið meira af tveggja ára seiðum í ánni en það var árið 1989 (Samantekt handrit). Í ánni var einnig vottur af vorgömlum og eins árs bleikjuseiðum (Tafla 2; mynd 3b) og eins,- og tveggja ára urriðaseiðum (Tafla 3; mynd 4b).

### *Hólkotskvísl*

Rafveitt var á stöð 1, framarlega í Hólkotskvísl. Á þessum kafla veiddust ekki laxaseiði og var staðurinn framar í Hólkotskvísl en sleppt var seiðum á sumarið 1999.

Veitt var á stað 5 í Hólkotskvísl, eða rétt ofan ármóta við Vaglakvísl. Þar var nokkuð af tveggja ára laxaseiðum (Tafla 1; mynd 2c) en ekki veiddust þar önnur seiði nú í sumar.

### *Vaglakvísl*

Rafveitt var á einum stað í Vaglakvísl, stað 3, rétt ofan ármóta við Hólkotskvísl. Á þeim stað veiddust eins,- og tveggja ára náttúruleg laxaseiði auk tveggja ára

sleppiseiða (Tafla 1; mynd 2c). Ekki hafa áður veiðst náttúruleg laxaseiði í Vaglakvísl sem þangað hafa komið á eigin rammleik (Samantekt handrit). Þar veiddust tveir árgangar urriðaseiða, eins,- og tveggja ára (tafla 3; mynd 4b).

### *Kornsá*

Veitt var í Kornsá fyrir ofan brú, stað 4. Þar veiddust ekki vorgömul laxaseiði að þessu sinni en mjög mikið var þar af eins árs laxaseiðum og nokkuð af tveggja ára seiðum (Tafla 1; mynd 2d). Einu sinni áður síðan 1984 hefur veiðst þar meira af eins árs laxaseiðum, en það var árið 1990. Hinsvegar hefur oft veiðst þar meira af tveggja ára laxaseiðum (Samantekt handrit). Einnig veiddust þrír árgangar urriðaseiða í Kornsá; vorgömul, eins,- og tveggja ára seiði (Tafla 3; mynd 4b).

### *Álka*

Veitt var á einum stað á eyrunum fyrir ofan Einvígisfoss, stað B. Þar var vottur af tveggja ára sleppiseiðum (Tafla 1; mynd 2d). Ekki varð vart annarra seiða ofan Einvígisfoss.

Á stað 1 í Álkugilinu varð ekki vart laxaseiða en í þennan hluta árinna var sleppt laxaseiðum sumarið 1999.

Rafveitt var neðst í Álkugilinu, stað 2. Þar var vottur af eins árs laxaseiðum og nokkuð af tveggja ára seiðum (Tafla 1; mynd 2d). Þéttleiki laxaseiða hefur verið mjög mismunandi á þessum kafla í gegnum árin og oft vantað inn árganga (Samantekt handrit).

Mjög mikið veiddist af tveggja ára laxaseiðum á stað 3 neðan við Álkubrá og það sama má segja um eins árs laxaseiði (Tafla 1; mynd 2d). Aðeins tvisvar áður frá árinu 1984 hefur mældur þéttleiki tveggja ára laxaseiða farið yfir 10 seiði á hverja 100 fermetra, árin 1987 og 1983. Magn tveggja ára seiða á þessum kafla nú mælist meira en þrisvar sinnum meira en þessi tvö ár. Áætlaður fjöldi eins árs laxaseiða var einnig þrefalt meiri en áður hefur mælst á þessum stað ef frá er skilið síðastlíðið sumar. Þrátt fyrir þennan þéttleika laxaseiða á þessu svæði nú var holdafar þeirra og vöxtur miðað við aldur mjög góður (Samantekt handrit).

## Umræða um niðurstöður rafveiða

### *Vatnsdalsá ofan Stekkjarfoss*

Nýliðun lax fyrir ofan Stekkjarfoss hefur verið brokkgeng í gegnum árin en þar þó yfirleitt fundist hrygning. Af þessu svæði má vænta þokkalegrar göngu næsta vor.

### *Vatnsdalsá frá Stekkjarfossi að ármótum við Álku*

Samkvæmt niðurstöðum rafveiða fyrir neðan Forsæludal er ástand seiðastofna þar mjög gott og mikið af eldri seiðum. Það er athyglivert að þar skuli nú vera meira af tveggja ára laxaseiðum en áður hefur mælst á þessum stað. Þess er að vænta að þessi seiði muni ganga út næsta vor og einhver hluti þeirra ári síðar.

### *Vatnsdalsá frá ármótum við Álku og að Flóðinu*

Ástand seiðastofna lax um miðbik árinna virðist samkvæmt niðurstöðum rafveiða nokkuð slakara en ofan til. Hér er átt við svæðið frá ármótum við Álku og niður að Flóði. Þéttleiki laxaseiða á þessum kafla er fremur lítill og ólíklegt að þaðan gangi mikið af gönguseiðum næsta vor. Töluvert var þó af vorgömlum og eins árs laxaseiðum á rafveiðistað við Hof og gefur það til kynna að það svæði sé á uppleið.

### *Vatnsdalsá neðan Skriðuvaðs*

Ástand seiðastofna lax neðan Skriðuvaðs er áfram á uppleið en hægari en ofan til í vatnakerfinu. Miðað við gæði búsvæða fyrir lax á þessum slóðum og magn seiða þar á fyrri árum hefur verið óvenjulítið af laxaseiðum á þessu svæði í mörg ár eða allt frá 1993. Miðað við niðurstöður seiðamælinga sumarið 1998 var árgangur þá tveggja ára laxaseiða sá slakasti sem mælst hefur í Vatnsdalsá frá 1984 (Samantekt handrit). Þessi árgangur átti að standa undir gönguseiðaframleiðslu svæðisins sumarið 1999 og koma fram í smálaxaveiði nú í sumar. Lélegar smálaxagöngur nú á þetta svæði ættu ekki að koma á óvart og því var spáð eftir athuganir sem fóru fram sumarið 1999 “gönguseiðaframleiðsla laxa á svæðinu fyrir neðan Flóðið hefur að öllum líkindum verið fremur slök vorið 1999” (Bjarni Jónsson, 2000). Meira virðist hinsvegar hafa gengið af laxaseiðum af þessu svæði nú í sumar en sumarið 1999. Sú ganga nær þó vart meðallagi miðað við reynslu undanfarinna ára.

### *Hólkotskvísl, Vaglakvísl og Tunguá*

Úr Hólkotskvísl hafa sleppiseiði gengið á réttum tíma sem tveggja ára gömul. Fyrstu náttúrulegu seiðin sem vitað hefir verið um í Hólkotskvísl hafa gengið að hluta úr ánni nú í sumar. Það vakti mikla athygli að veiðast skyldu náttúruleg laxaseiði í neðri hluta Vaglakvíslar og það í svo miklu mæli. Slíkt hefur ekki gerst áður ef undanskilin eru seiði sem flutt voru yfir í Vaglakvísl eftir rafveiði neðar í vatnakerfinu. Tunguá er nú mjög vel nýtt af náttúrulegum laxaseiðum og er á leiðinni að verða sterk viðbót við náttúrulegt framleiðslusvæði lax í vatnakerfinu.

### *Kornsá*

Magn laxaseiða í Kornsá er nokkuð mismunandi eftir árum sem og árgangastyrkleiki. Nú var þar mest um árgömul laxaseiði. Einhver ganga hefur verið af þessu svæði nú í sumar en minna mun líklega verða af gönguseiðum af þessu svæði næsta sumar.

### *Álka ófiskgeng svæði*

Laxaseiði sem sleppt hefur verið ofan Einvígisfoss í Álku eru að mestu gengin til sjávar eftir sumarið. Ekki varð vart við sleppiseiði frá því sumarið 1999 í Álkugilinu. Þetta kann að vera vegna þess hve gilið er illa aðgengilegt og einstakir kaflar geta því orðið útundan þegar sleppt er. Seiðin eiga síðan eftir að dreifa sér meira. Það mun koma betur í ljós næsta sumar hvernig þessum seiðum hefur reitt af.

### *Álka fiskgeng svæði*

Aldrei hefur áður mælst svo mikið af stórum laxaseiðum á laxgenga svæðinu í Álku. Þrátt fyrir þetta magn seiða er vöxtur þeirra góður og elstu seiðin munu væntanlega ná sjóþroska í nokkru mæli þriggja ára gömul næsta sumar og hluti þeirra sumarið 2002 sem fjögurra ára gömul seiði. Gönguseiðaaldur úr Álku hefur gjarnan verið 4 og upp í fimm ár en getur farið niður í þrjú ár þegar skilyrði eru góð. Þessir stóru árgangar í Álku virðast því ætla að skila sér í sjó sem stærstu árgangar náttúrulegra laxaseiða sem þaðan hafa gengið lengi.

## Almenn umræða

Þegar þetta er skrifað er veiðitímabilið í Vatnsdalsá langt komið og laxveiði verið mjög slök. Almennt hefur laxveiði á Norðurlandi verið slök nú í sumar sem víðast síðastliðið sumar. Úr mörgum ám, þar með talið nággrannaám Vatnsdalsár hafa verið góðar eða þokkalegar göngur til sjávar nú síðustu árin. Seiðabúskapur Vatnsdalsár hefur aftur á móti verið mjög slakur á sama tíma og þeir gönguseiðaárgangar sem hafa átt að standa undir veiði verið litlir. Enn eru ekki komin fram í veiði seiði sem til eru komin eftir að skipt var alveg yfir í veiða sleppa fyrirkomulag í ánni. Breytingar sem gerðar eru á veiðifyrirkomulagi koma fyrst fram í seiðabúskap en síðar í laxveiði.

Seiðaganga úr Vatnsdalsá sumarið 1999 var mjög slök en þó skilaði sér í sjó nokkuð af seiðum af efstu laxgengu svæðunum í ánni, en ganga af öðrum svæðum hefur verið með allra minnsta móti. Slæmar heimtur úr hafi hafa svo orðið til þess að smálaxagöngur í Vatnsdalsá hafa verið mjög litlar nú í sumar. Þannig leggst á eitt slæmur seiðabúskapur og gönguseiðaframleiðsla undanfarinna ára og svo óvenju slakar heimtur úr sjó. Þeir laxar sem hafa átt að skila sér nú síðustu tvö árin eru úr hrygningarárgöngum sem voru í ánni áður en veiðifyrirkomulagi var breytt. Gönguseiðaframleiðsla Vatnsdalsár hefur einnig verið undir meðallagi nú í sumar þó hún virðist meiri en síðastliðið sumar. Stórlax hefur brugðist nú í nokkur ár í Vatnsdalsá sem öðrum ám. Í ljósi þess hve lítið af smálaxi skilaði sér í ána nú í sumar má vænta slakrar stórlaxagöngu næsta sumar nema að verulegar breytingar verði til hins betra á þeim hafsvæðum þar sem laxinn fer um. Á heildina litið má því vara við of mikilli bjartsýni fyrir laxveiði næsta sumars. Þetta gildir einnig um margar aðrar ár en Vatnsdalsá. Í mörg ár var seiðabúskapur Vatnsdalsár slakari en í ýmsum nággrannaám en áður höfðu þær sveiflast að mestu í takt. Það þarfnast frekari skoðunar hví það gerðist.

Ástand seiðastofna lax í ám á Norðurlandi hefur almennt farið versnandi nú á allra síðustu árum. Ef að umhverfisskilyrði í hafi verða áfram til þess að heimtur á laxi verða mjög lélegar, stefnir víða í alvarlega stöðu. Góðir seiðaárgangar hafa skilað slökum laxagöngum og slakir seiðaárgangar gætu því enn stuðlað að daufri laxveiði nema að heimtur fari að batna. Vandamál tengd nýliðunarbresti gætu farið að skjóta víðar upp kollinum í kjölfarið. Vatnsdalsá sker sig úr hvað þetta varðar.

Seiðabúskapur Vatnsdalsár hefur verið á mikilli uppleið og aftur úr takt við nágrannaárnar en nú í jákvæða átt. Hér kann breytt veiðifyrirkomulag að ráða einhverju um.

Næsta sumar munu fyrstu seiðin sem urðu til úr hrygningu eftir að alfarið var farið yfir í veiða sleppa fyrirkomulag ganga til sjávar. Þessi seiði sem komu fyrst fram í rannsóknum sumarið 1998 sem feikna sterkur árgangur vorgamalla seiða, hefur skilað sér sterkur áfram. Fyrst sem eins árs seiði og svo nú í sumar sem tveggja ára seiði. Þessi seiði hafa dafnað mjög vel og hefur vöxtur þeirra verið góður samanborið við síðustu ár. Næsti árgangur á eftir er einnig mjög sterkur, en of snemmt er að segja til um vorgömul seiði úr hrygningu síðastliðið haust. Sá árgangur virðist ætla að verða minni. Þessi mikli þéttleiki seiða en jafnframt góður vöxtur kemur þvert ofan í þær fyrirspár manna að aukin hrygning laxa í Vatnsdalsá myndi leiða til “ofsetningar” seiða, slaks vaxtar og mikilla vanhalds. Það eru hinsvegar óvenju fáskipaðir árgangar nokkurra ára áður en veiðifyrirkomulagi var breytt sem áttu að standa undir laxveiði 1999, 2000 og að einhverju leiti 2001.

Uppsveifla í seiðabúskap Vatnsdalsár hefst um svipað leyti og veiðifyrirkomulagi í ánni var breytt. Hvaða samband er þar á milli mun koma betur í ljós á næstu árum. Á sama tíma hefur hinsvegar brugðið til hins verra í mörgum öðrum ám og mun þess líklega gæta í laxveiði á næstu árum. Umhverfisskilyrði í hafi munu ráða verulegu um hvernig þessir stóru gönguseiðaárgangar sem Vatnsdalsá mun væntanlega skila af sér næstu tvö sumur koma til með að skila sér. Það er samt líklegt að Vatnsdalsá muni bæta verulega hlut sinn gagnvart öðrum laxveiðiám á næstu árum. Fyrst í smálaxaveiði sumarið 2002 og svo 2003 bæði í smálaxaveiði og stórlaxi.

**Tafla 1:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám hennar 29. júlí-1. ágúst 2000. Rafveiðistaðir eru merktir inn á mynd 1. SS merkir sleppiseiði.

Veiðistaður	Stærð svæðis	Aldur				
		0+	1+	2+	2+SS	3+
1 í Vatnsdalsá	30x22 m			2,27		0,61
2 í Vatnsdalsá	38x10 m	4,21	0,53	3,42		
3 í Vatnsdalsá	36x8 m	0,69	7,29	12,5		1,04
5 í Vatnsdalsá	65x11 m	0,14	0,42	0,84		
7 í Vatnsdalsá	64x10 m		1,56	0,94		
8 í Vatnsdalsá	45x9 m	3,95	4,69	0,25		
9 í Vatnsdalsá	27x18 m	1,44	5,56	4,12		0,62
3 í Vaglakovísl	38x5 m		2,63	1,05	0,53	
1 í Hólkotskvísl	60x7 m					
5 í Hólkotskvísl	30x5 m			0,67	4	
2 í Tunguá	30x8 m		9,58	5		1,25
B í Álku	50x12 m				0,5	
1 í Álku	50x10 m					
2 í Álku	45x10 m		0,22	1,11		
3 í Álku	30x6 m		19,4	42,8		6,11
4 í Kornsó	25x7 m		11,4	1,14		


**Tafla 2:** Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám hennar 29. júlí-1. ágúst 2000. Rafveiðistaðir eru merktir inn á mynd 1.

Veiðistaður	Stærð svæðis	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
1 í Vatnsdalsá	30x22 m				
2 í Vatnsdalsá	38x10 m				
3 í Vatnsdalsá	36x8 m				
5 í Vatnsdalsá	65x11 m	5,60	0,70		
7 í Vatnsdalsá	64x10 m	6,09	2,19		
8 í Vatnsdalsá	45x9 m	3,70	0,25		
9 í Vatnsdalsá	27x18 m	0,21			
3 í Vaglakovísl	38x5 m				
1 í Hólkotskvísl	60x7 m				
5 í Hólkotskvísl	30x5 m				
2 í Tunguá	30x8 m	0,42	1,67		
B í Álku	50x12 m				
1 í Álku	50x10 m				
2 í Álku	45x10 m				
3 í Álku	30x6 m				
4 í Kornsó	25x7 m				







**Tafla 3:** Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám hennar 29. júlí-1. ágúst 2000. Rafveiðistaðir eru merktir inn á mynd 1.


Veiðistaður	Stærð svæðis	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
1 í Vatnsdalsá	30x22 m				
2 í Vatnsdalsá	38x10 m				
3 í Vatnsdalsá	36x8 m				
5 í Vatnsdalsá	65x11 m				
7 í Vatnsdalsá	64x10 m		0,16		
8 í Vatnsdalsá	45x9 m	0,49			
9 í Vatnsdalsá	27x18 m		1,03		
3 í Vaglaskvísl	38x5 m		3,16	0,53	
1 í Hólkotskvísl	60x7 m				
5 í Hólkotskvísl	30x5 m				
2 í Tunguá	30x8 m		0,42	0,42	
B í Álku	50x12 m				
1 í Álku	50x10 m				
2 í Álku	45x10 m				
3 í Álku	30x6 m				
4 í Kornsa	25x7 m	1,71	1,71	1,14	






Mynd 1 Rafveiðistaðir í Vatnsdalsá og hliðarám hennar.







**Mynd 2a:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá 29. júlí-1. ágúst 2000.






**Mynd 2b:** Lengdar- og aldersdreifing veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá 29. júlí-1. ágúst 2000.



**Mynd 2c:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vaglaskvísl, Hólkotskvísl og Tunguá 29. júlí-1. ágúst 2000.





**Mynd 2d:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Álku og Kornsó 29. júlí-1. ágúst 2000.






**Mynd 3a:** Lengdar- og aldrsdreifing veiddra bleikjuseiða í Vatnsdalsá 29. júlí-1. ágúst 2000.











**Mynd 3b:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Vatnsdalsá og Tunguá 29. júlí-1. ágúst 2000.



**Mynd 4a:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Vatnsdalsá 29. júlí-1. ágúst 2000.



**Mynd 4a:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Vatnsdalsá 29. júlí-1. ágúst 2000.



**Mynd 4b:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Vaglakovísl, Tunguá og Kornsá 29. júlí-1. ágúst 2000.